

Nefndarsvið Alþingis

Vegna þingskjals 731-457. mál

**Við undirritaðar gerum athugasemdir vegna frumvarps til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundið rekstrarleyfi).**

Við leggjum til að í 3. gr. um flokkun gististaða verði ákvæði um heimagistingu (flokkur I) óbreytt frá núgildandi lögum, en til viðbótar komi nýr flokkur **gisting á heimili leigusala** sem verði í samræmi við það sem fram kemur í fyrirleggjandi frumvarpi.

Til stuðnings máli okkar viljum við nefna eftirfarandi:

- Með niðurfellingu á flokki heimagistingar í núverandi mynd yrði fótunum kippt undan starfsemi fjölda gististaða sem í dag hafa rekstrarleyfi í flokki I og eru rekin um allt land allt árið um kring.
- Gisting í heimahúsum (bed and breakfast) hefur verið viðurkennt rekstrarform á Íslandi og í öðrum löndum í áratugi og jafnvel árhundruð og er alls staðar eðlilegur hluti af fjölbreyttri flóru gistimöguleika.
- Stór hópur ferðamanna sem til landsins kemur sækist sérstaklega eftir að gista í heimagistingu og njóta þess að hitta heimafólk. Ekki verður séð að hinn nýi flokkur mæti þeim væntingum enda er ekki gerð krafa um að eigendur séu á staðnum og veiti gestum sínum þjónustu.

Fyrir hönd eftirtalinnna eigenda og rekstraraðila heimagistingar:

Brattagata guesthouse, Grétar Guðmundsson ehf. kt. 690609 0610

Ingunn Gísladóttir

Forsæla ehf Grettisgötu 35b 101, kt. 460602 4830

Hlín Gunnarsdóttir

Fichersund 3 ehf. Fichersundi 3, 101 kt. 610312 1360

Sigfríður Þorsteinsdóttir

Reykjavík 10. febrúar 2016

---

Hlín Gunnarsdóttir

Sími 863 4643